

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 39. stjórnarfundar 27. júní, 2024 kl. 10:40-12:30

Mætt voru: Óskar Józefsson, Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lís Davíðsdóttir sat fundinn.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 38. fundar samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála við gerð afsala. Eitthvað hefur verið um tæknilega erfiðleika í byrjun en það er að greiðast úr þeim.

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu vinnunnar vegna umsókna frá búseturéttarhöfum.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna

Á fundinum gerði framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu vinnunnar við afgreiðslu umsókna þar sem skilyrði um lögheimili í eign er ekki uppfyllt.

Sex umsóknir voru samþykktar þar sem fyrir lágu upplýsingar um að tímabundnar ástæður skýrðu að lögheimili var ekki skráð í viðkomandi eign.

Í tveimur tilvikum var samþykkt að senda umsækjendum bréf þar sem tilkynnt er að félagið áformi að hafna umsókn þar sem skilyrði laganna virðist ekki uppfyllt. Umsækjendum verður í bréfunum gefinn kostur á að andmæla áformunum eins og stjórnarsýslulög áskilja.

Í einu tilviki var ákveðið að senda umsækjanda fyrirspurnarbréf.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um kaup á einni eign þar sem skilyrði um eignarhald og lögheimili voru uppfyllt. Stjórn samþykkti kaup á eigninni.

Afgreiðsla stjórnar var færð í vinnuskjal stjórnar.

4. Önnur mál

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 12:30.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir

